

## Magnús Kr. Guðmundsson í Tungusilung heiðraður af fiskeldismönnum

Magnús Kr. Guðmundsson hefur verið viðloðandi sjávarútveg á Tálknafirði í áratugi. Hann var lengi skipstjóri og árið 1980 stofnaði hann fiskverkunina Þórsberg hf. ásamt fjölskyldu sinni.

Magnús Kr. Guðmundsson var sæmdur heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu, riddarakross, árið 2004 fyrir störf að sjávarútvegsmálum. Magnús var og er enn mikill athafnamaður og hann var hvatamaður að þorskeldi sem fór af stað í Tálknafirði 1994. Árið 1984 stofnaði Magnús laxeldisfyrirtækið Þórslax hf. sem starfrækti laxeldi í Gileyri og í Botni. Í dag á eldi og verkun silungs hug hans í Tungusilungi ehf. sem hann setti á laggirnar árið 1985.



„Við sem hér eru samankomnir viljum votta þér, Magnús, virðingu okkar fyrir það mikla frumkvöðlastarf í fiskeldi sem þú hefur ástundað í hartnær 30 ár. Magnús, þú nýtur mikillar virðingar á meðal fiskeldismanna á Íslandi við vonumst til að bera eitthvað af þínum krafti og dugnaði inn í framtíðina. Í virðingarskyni við þig, viljum við sem hér erum staddir í Hópinu á Tálknafirði heiðra þig og færa þér þessa uppstoppaðu bleikju en hún er ættuð úr eldi Silfurstjörnnunnar í Óxarfirði og stoppuð upp af, Haraldi Ólafssyni heimsmeistarannum í slíkum fræðum,“ sagði Jón Kjartan Jónsson formaður Landssamband fiskeldisstöðva m.a. við þetta tækifæri